

74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir danska þýðing alþingistíðindanna. 1862.
9. desember.

Í sambandi við skýrslur þær, er þær, herra stiptamtmaður, hafið fengið hëðan smátt og smátt um fë það, sem varið hefir verið til að borga með danska þýðing af tíðindunum frá alþingi 1861, er til búin hefir verið hér í bænum, þá skal yður nú, er þýðing þessari er lokið, til vitundar gefið, að auk þess fjár, sem um er rætt í brëfum stjórnarráðsins 18. febrúarm. og 13. ágústm. þ. á., og 19. f. m., en það fë er að upphæð 261 rdl., 32 rdl. 36 sk. og 71 rdl. 48 sk., hefir þýðing þessi enn fremur kostað 93 rdl. 36 sk., sem ávísað hefir verið úr aðalféhirzlu ríkisins af fë því, sem til er fært til alþingiskostnaðar í fjárlögunum fyrir árið 1861—62, 9. gr. G, a, 2, og eruð þær beðnir að annast um, að þessir 93 rdl. 36 sk., ásamt hinu fënu, því er að ofan er greint, verði endurgoldnir ríkissjóðnum á þann hátt, sem sagt er í brëfi dómsmálastjórnarinnar 22. janúarm þ. á.¹

Viðbætur við árið 1862.

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um danska þýðing alþingistíðindanna. 22. janúarm.

Í brëfi dómsmálastjórnarinnar 12. septemberm. f. á. var leyft, að sleppa mætti að senda hingað danska þýðing af þingbók alþingis 1861; en eptir að nú er búið að skrifazt á um málið við fjárstjórnina, skal yður enn fremur kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þær gjörið þær ráðstafanir, er þarf í því efni, að samkvæmt skilyrði því, er sett var í áður greindu brëfi dómsmálastjórnarinnar, ber að telja fë það, sem borgað verður fyrir

1) Brëfi dómsmálastjórnarinnar 22. janúarm. 1862 er prentað hér á eptir í viðbæti við árið 1862.